

SAMÞYKKT

um afréttargirðingu Miðfirðinga.

117

27. júní

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir alla bæi í báðum Torfustaðahreppum í Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Samþykkt þessi er um heiðargirðingu Miðfirðinga eins og hún nú liggur frá austurenda heiðargirðingar Hrútfirðinga, austur hálsa og norður Aðalbólsháls að Fitjaá gentg Hvarfsgirðingu.

3. gr.

Allan áfallinn stofnkostnað, sem ekki er greiddur úr rikissjóði, greiða sveitasjóðir Torfustaðahreppa þannig:

- a. Ytri-Torfustaðahreppur greiði 55% — fimmtíu og fimm af hundraði —.
- b. Fremri-Torfustaðahreppur greiði 45% — fjörtíu og fimm af hundraði —.

4. gr.

Allan þann kostnað, sem af viðhaldi girðingarinnar leiðir, svo sem kostnað af árlegum endurbótum á girðingunni, vöxtum og afborgunum af lánnum, er tekin kunna að verða vegna girðingarinnar, skal jafna niður þannig:

- a. Að $\frac{1}{3}$ hluta á fjallskilaskyldan fénað eftir sömu hlutföllum og lagt er á til fjallskila.
- b. $\frac{1}{3}$ hluti greiðist af öllum bændum á samþykktarsvæðinu í réttu hlutfalli við landverð ábúðarjarða þeirra, eftir fasteignamati.
- c. $\frac{1}{3}$ hluta greiða allir útsvarskyldir menn á samþykktarsvæðinu í réttu hlutfalli við útsvör þeirra. En áður en niðurlögn samkvæmt þessum lið fer fram, skal upphæðinni skipt á milli hreppanna að jöfnum hlutum í hlutfalli við skuldlausu eign þeirra, nettó tekjur og tölu verkfærra manna.

5. gr.

Hreppsnefndir sjá um allar framkvæmdir um viðhald girðingarinnar. Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps frá 1. jan. 1939 til 1. jan. 1941 og hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps frá 1. jan. 1941 til 1. jan. 1943 og svo áfram til skiptis hvor hreppur um tveggja ára tíma í senn.

6. gr.

Í marzmánuði ár hvert skulu hreppsnefndir gera áætlun um kostnað vegna girðingarinnar á yfirstandandi ári og jafna upphæðinni niður á gjaldendur samkvæmt 4. gr.

Gjöldin innheimta hreppsnefndirnar hvor í sínum hreppi, og skal þeirri innheimtu lokið, eftir því sem unnt er, 1. september ár hvert. Gjaldinu fylgir lögtaksréttur.

7. gr.

Hreppsnefndir beggja hreppa skulu sameiginlega hafa á hendi allt reikningshald fyrir girðingarsjóð. Reikningsárið er almanaksárið og fer um samþykkt girðingarreikningsins eins og reikninga sveitarsjóðanna.

8. gr.

Allir fjáreigendur eru skyldir til þess að reka fé sitt á afrétt strax eftir rúningu, sömuleiðis öll ótamin hross þegar fært þykir eða þegar hreppsnefnd ákveður,

117 og er öllum óheimilt að hafa í heimahögum að sumrinu fénað þann, sem á afrétt á að
27. júní ganga, nema í gæzlu sé. Hreppsnefnd hlutaðeigandi hrepps getur þó veitt undanþágu á þessu síðasta atriði fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Allir eru skyldir til að loka vandlega hliðum girðingarinnar þegar þeir fara um þau. Sannist að einhver hafi gengið illa um hliðin eða hleypt fénaði gegnum girðinguna í óleyfi, varðar það sektum frá 2—20 krónum, nema þyngri hegning liggji við að lögum. Sektarféð rennur í sýslusjóð.

10. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingarlögum nr. 66 22. nóvember 1913 til að öðlast gildi 15. júlí 1939 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

118

29. júní

SAMÞYKKT

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu um eyðing svartbaks.

1. gr.

Innan takmarka Suður-Þingeyjarsýslu skal allur svartbakur vera réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum. Skyli er hverjum jarðarabúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi ræður skotmenn eftir því, sem henni þykir þörf. Fyrir hvern skotinn svartbak fær skotmaður 40 aura og greiðir viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta. Skal skotmaður sýna oddvita nef og lappir fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því, að hann hafi drepit fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann strax brenna nefjunum og löppunum.

3. gr.

Oddviti í hverjum hreppi skal halda skrá yfir tölu þeirra fugla, er greitt hefir verið fyrir. Skal hann fyrir hver áramót senda sýslumanni skrána tvíritaða, og skal sýslumaður samkvæmt henni endurgreiða sveitarsjóði hluta sýslusjóðs af skotmannslaunum, sem eru 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimta hjá ríkissjóði hluta hans af skotmannslaunum, sem eru 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða eftir því sem við á, sjá lög nr. 66 1936, sektum frá 10 til 300 kr. og renna þær til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem opinber lögglumál.